

Alþingi
Erindi nr. P 140/1026
komudagur 14.2.2012



SJÁLFSBJÖRG
LANDSSAMBAND FATLAÐRA

Velferðarnefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

9. febrúar 2012

Efni: Umsögn við mál 440 *Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014.*

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra tekur jákvætt í tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Þó leggur sambandið áherslu á að eftirfarandi atriði verði skerpt enn frekar. Þær breytingar sem sambandið telur að þurfi að gera eru feitletraðar.

A.4 Akstursþjónusta.

Markmið: Að fötluðu fólki standi til boða akstursþjónusta til að geta verið virkir þátttakendur í daglegu lífi.

Framkvæmd: Á hverju þjónustusvæði verði sett fram aðgerðaáætlun í akstursþjónustu við fatlað fólk og þróaðar nýjar leiðir til að mæta þörfum notenda. Þar með talið þjónustu sem hægt er að fá sama dag og hún er þöntuð.

Sjálfsbjörg eru samtök fólks með hreyfihömlun. Það er því sérstakt hagsmunamál fyrir Sjálfsbjörg að ferðaþjónustan mæti kröfum félagsmanna og að komið sé til móts við ólíkar þarfir einstaklinganna með viðeigandi úrræðum. Á vettvangi Sjálfsbjargar er nú unnið að mótun tillagna um úrbætur í þessum málaflokki þar með talið þróun nýrra leiða til að mæta þörfum notenda. Verður tillögum þessum komið á framfæri við Velferðarráðuneytið um leið og þær eru tilbúnar.

F.h. Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra

Bergur Þorri Benjamínsson málefnafulltrúi.

Afrit til velferðara. Alþingis



SJÁLFSBJÖRG
LANDSSAMBAND FATLAÐRA

Velferðarráðherra Hr. Guðbjartur Hannesson

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu

150 Reykjavík

Akureyri 15. desember 2011

Efni : Bifreiðamál hreyfihamlaðra og nauðsyn á endurskoðun

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra hefur nú í nokkurn tíma haft verulegar áhyggjur af skertum réttindum fatlaðra til bifreiðakaupa . Þeir sem fá styrk til bifreiðakaupa þurfa nú að eiga bíla sína í 5 ár í stað 4 áður. Hins vegar hefur styrkuppþæð ekki hækkað um nema 20% síðan 1999 eða á 12 árum.

Nauðsynlegt er að gera lagfæringar á því styrkjakerfi sem nú er til staðar. Ekki gengur annað en að tekið verði tillit til að hjálpartæki taka pláss, sérstaklega hjólastólar. Fatlaðir eiga líka fjölskyldur og því eru takmörk fyrir því hversu litla bíla hreyfihamlaðir geta átt.

Verður að miða við það að hreyfihamlaðir geti endurnýjað sína bíla á 4-5 ára fresti með lítilli milligjöf enda má segja að vörugjöld og aðrar greiðslur sem eru inn í bílverði greiði styrk Tryggingastofnunar.

Huga þarf sérstaklega að þeim sem eru á sendibílum með hjólastóla lyftu. Þegar þeir einstaklingar endurnýja sína bíla á 6 ára fresti þurfa þeir að borga þó nokkra fjárhæð á milli oft í kringum 4 milljónir. Slíkt er alltof stór biti fyrir lífeyrisþega.


Samtökin telja rangt að greitt sé sérstaklega fyrir sjálfskiptingar sem hjálpartæki. Nær allir þeir sem þurfa á sérútbúnum bíl að halda verða að vera með sjálfskiptan bíl. Því á að fella þá fjárhæð sem greitt er fyrir sjálfskiptinu inn í styrki til bifreiðakaupa. Á móti kemur að niður fellur mikil umsýsla Sjúkratrygginga um litlar fjárhæðir.

Ekki gengur að notendur þurfi að borga háar fjárhæðir í þeim hjálpartækjum sem þeir þurfa í sína bíla, raunkostnaður og greiðslur sjúkratrygginga verða þar að vera í samræmi.

Tillögur

- Skoðaðar verði þarfir hvers og eins einstaklings.
- Stefnt verði að hækkun á beinum styrkjum og þannig viðurkennt að hreyfihamlaðir hafa auka kostnað af því að komast á milli staða.
- Styrkir til bifreiðakaupa færist inn í sjúkratryggingakafla almannatrygginga og verði afgreiddir eins og hjálpartæki í bíla hjá Sjúkratryggingum Íslands.
- Þessum málum verði komið inn í „stefnu og aðgerðaáætlun í málefnum fatlaðs fólks“ af hálfu stjórnvalda.
- Tryggt verði að þeir sem fá hjálpartæki í bíla þurfi ekki að greiða þau enda eru þau viðkomandi nauðsynleg.

F.h. Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra



Bergur Þorri Benjamínsson málefnafulltrúi.

Afrit sent 13. febrúar 2012 til Velferðarnefndar Alþingis